

## Samráðsfundur 15.mars. 2014 á Hótel Héraði á Egilsstöðum

### Krepputunga og Kverkárrani

## Fundarboð

Vatnajökulsþjóðgarður var stækkaður s.l. sumar þegar Krepputunga og Kverkárrani bættust við austursvæði hans. Vegna stækkunarinnar þarf að breyta stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins og fjalla þar um nýju svæðin á sama hátt og önnur svæði sem fyrir eru. Umfjöllunarefnin eru m.a. verndargildi einstakra staða, aðgengi og þjónusta.

Mótun breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun er að hefjast og til þess að afla upplýsinga um hugmyndir og afstöðu hagsmunaaðila er boðað til tveggja samráðsfunda:

- Á Hótel Héraði, Egilsstöðum, laugardaginn 15. mars, kl. 12 – 14.
- Á Hótel Natura, Reykjavík, fimmtudaginn 27. mars kl 16 – 18.

Fundirnir eru öllum opnir.

Dagskrá fundanna er í meginatriðum tvískipt:

### 1. Kynning á svæðinu

Þjóðgarðsvörður gefur yfirlit yfir svæðið sem bæst hefur við þjóðgarðinn í máli og myndum. Farið verður yfir helstu náttúruperlur sem þar er að finna, hvernig komast má um svæðið, hvernig þjónusta við ferðafólk er háttað og fleira.

### 2. Samráð um stjórnun

Á seinni hluta fundarins verður þátttakendum skipt í hópa eftir málefnum og þeir beðnir um að ræða hugmyndir sínar um stjórnun svæðisins.

Mikilvægt er að sem flest sjónarmið og hugmyndir skili sér í umræðunni sem efniviður í mótun breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun. Svæðisráð mun síðan skila tillögu sinni að breytingum til stjórnar þjóðgarðsins. Stjórn þjóðgarðsins fjallar þá um tillöguna og auglýsir hana, skv. 12. grein laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Hagsmunaaðilum gefst þá kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Þegar stjórn þjóðgarðsins hefur fjallað um fram komnar athugasemdir skilar hún tillögunni til umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar.

Við vonumst til að sjá sem flesta þátttakendur á samráðsfundunum.

F.h. Svæðisráðs austursvæðis

Agnes Brá Birgisdóttir

Þjóðgarðsvörður á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Fundinum á Egilsstöðum stjórnðu Guðrún Á. Jónsdóttir og Agnes Brá Birgisdóttir

Gestir fundarins:

Skúli Björn Svæðisráð

Ruth Magnúsdóttir Svæðisráð

Björn Ármann Ólafsson Svæðisráð

Einar Birgir Kristjánsson 4x4, Samút

Ingvar Ríkarharðsson 4x4

Gunnar Sveinbjörn Ólafsson, áhugamaður

Guðjón Magnússon, Vegagerðin

Þórhallur Borgarsson FLH (Félag leiðsögumanna um Hreindýraveiðar)

Gunnar Jónsson, Fljótsdalshérað

Magnús Jóhannsson, Vegagerðin

Þorvaldur P. Hjarðar FFF

Þórhallur Þorsteinsson, Svæðisráð/FFF

Ragna Fanney Jóhannsdóttir, VJÞ

Óðinn Gunnar Óðinnsson, Fljótsdalshérað

### Hópavinna

Ræðið opið um allt það sem ykkur finnst mikilvægt að komi fram við gerð Stjórnunar - og verndaráætlunar. Skráið niður og kynnið niðurstöður í lok fundar.

Til hliðsjónar má hafa eftirfarandi spurningar ef ykkur sýnist.

Hver eru markmiðin með verndun svæðisins?

Hvaða verðmæti eru á svæðinu ?

Eru einhverjir ákveðnir staðir sem þarfnast sérstakrar aðgæslu?

Viljum við opna betur aðgengi að ákveðnum stöðum?

Hvar á að byggja upp þjónustu?

Viljum við uppbyggja vegi/breyta núverandi vegstæði?

Hveragilsleið og Hveragil – framtíðarsýn?

Hvar eiga áningastaðir/útskot að vera, áningastaðir fyrir hesta?

Gönguleiðir - á að fjölga stikuðum gönguleiðum? Á að tengja Krepputungu öðrum svæðum með gönguleiðum þá hvernig?

Hópur 1: Ingvar, Gunnar, Þorvaldur, Þórhallur B og Ruth. Ruth kynnir og ritar – afhendir gögn.

### Uppbyggðir vegir

- Ekki uppbyggja vegi
- Hugsa betur um yfirborð
- Gera áningastaði og afmarka þar sem vegur endar, gera snúningsplön og áningaplön á áhugaverðum stöðum. Merkja á kortum og einni á vettvangi.
- Ath! Leið úr Grágæsadal í Hvannalindir Ekki setja hana kort!
- Meginstafna að halda núverandi vegstæðum. Breytingar í takt við stefnumótun
- Akstursleiðir – leggja áherslu á hringleiðir

### **Gönguleiðir**

- Fjölga gönguleiðum til að létta á þeim sem fyrir eru og dreifa umferð
- Stefna að hringleiðum
- Tengja gönguleiðir t.d. í Snæfell m/göngubrúum ef fjármagn er til staðar.

### **Markmið m/Verndun**

- Vernda gróður og jarðmyndanir
- Stýra umferð um svæðið í verndarskyni
- Ákveða hvernig umferð er leyfð t.d. hestar og skilgreina leiðir og aðhöld/áningagerði

### **Verðmæti á svæðinu**

- Náttúruleg verðmæti – jarðmyndanir, ósnortið land og lítt snortið
- Söguleg verðmæti

### **Ákveðin staðir sem þurfa sérstaka aðgæslu**

- Gróðurvinjar, Hvannalindir, Lindakeilir, Hveragil

### **Viljum við meira aðgengi að ákveðnum stöðum?**

- Þarf að vera undirbúið til að taka á móti aukinni umferð
- Stýra umferð þarf að bóka fyrirfram!
- Skilgreina þjónustumiðstöðvar og gera kröfur um tilkynningaskyldu þegar farið er inn á ákveðin svæði.

Hópur 2 : Þórhallur Þ, Skúli, Einar, Gunnar, Guðjón. Skúli kynnir og ritar – afhendir gögn.

### **Viðkvæmustu svæðin**

Hvannalindir  
Hveragil

Kreppulindir

Hægt að ganga þangað núna frá brúnni inn frá 7km ganga. Afar viðkvæmt svæði sem þolir engan ágang.

Hverasvæðið inni á jökli

### **Gönguleiðir**

Ekki talið rétt að merkja gönguleið úr Kreppuhögum og niður með Lindá þar sem gróður er það viðkvæmur.

Gönguleið kringum jökul yfir í gegnum Kverkárrana.

Þarf tvær göngubrýr. Tiltölulega auðvelt yfir Kreppu, annað hvort við Kreppubröng eða inn í Kreppuhögum eystri. Þarf hins vegar langa brú yfir Kverkána.

Frá Lindarfjöllum og yfir að Skínanda

Kringum Vaðhjúkana mætti gera gönguleiðir.

### **Vegir**

Leiðin inn í Hveragil hefur ekki verið merkt. Hefur aldrei verið farið með hefil og þetta er til þess að gera góð slóð. Vegna þess að ekki hefur verið beint fólki inn í Hveragil. Á þessari leið eru hins vegar fallegir staðir. Og það mætti skipuleggja göngusvæði inn í Krókagil og þau gil. Viðkvæmasta svæðið er við Hveragil og það þarf að passa upp á að verði ekki fyrir meiri átroðningi.

Landvarðarstöð þyrfti inn við Hveragil ef að sá vegur væri bættur og það yrði þá líka sett gönguleið úr Sigurðarskála.

Leiðir inn í Sigurðarskála. Og allar þessar vegleiðir þarf að

Tjörninn utan undir Kreppuhálsi hefur verið sjálfvirku farartálmi inn í Öskju fyrir breytta bíla og Sigurðarskála. Hægt væri að leggja nýjan veg til hliðar við hana. Það myndi samt ekki breyta sumaropnun á vegum því að það er snjór bæði í Öskju og inn í Kverkfjöllum lengur. Slíkt myndi vera styrkur fyrir skipulagðar ferðir í jeppaferðabjónustu sem gerði mönnum kleift að komast þarna um frá Möðrudal yfir lengri tíma.

### **Landvarsla**

Hveragil, Hvannalindir  
Stærri þjónustustöð við Sigurðarskála

### **Tjöldun**

Væri hægt að bæta við tjöldun í Hveragili en ekki rétt að taka slíkt upp aftur í Hvannalindum.

### **Áningarstaðir**

Kreppubru  
Hveragil  
Völsungar (ættartréð og söguskýringar þar)  
utan í Lindarfjöllum við upphaf gönguleiðar yfir að Skínanda.  
Nærri Vaðhjúkum

Hópur 3: Björn Ármann, Óðinn Gunnar, Magnús, Ragna. Ragna kynnrir og ritar – afhendir gögn.

*Hver eru markmiðin með verndun svæðisins? Dýralíf,gróður*

*Hvaða verðmæti eru á svæðinu ? Ferðabjónusta, Hvannalindir (sagan)*

*Eru einhverjir ákveðnir staðir sem þarfnast sérstakrar aðgæslu? Gróðursvæði, Hvannalindir*

*Viljum við opna betur aðgengi að ákveðnum stöðum?*

*Hvar á að byggja upp þjónustu? F910/F902 og við Kreppubru*

*Viljum við uppbyggða vegi/breyta núverandi vegstæði?*

*Hveragilsleið og Hveragil – framtíðarsýn?*

*Hvar eiga áningastaðir/útskot að vera, áningastaðir fyrir hesta?*

*Gönguleiðir - á að fjölga stikuðum gönguleiðum? Afmarkaðar og skýrar. Merkja og stika fleiri leiðir.*

*Á að tengja Krepputungu öðrum svæðum með gönguleiðum þá hvernig?*

- Lón við Lonahjúk segir í raun til um hvenær svæðið er tilbúið fyrir gesti
- Væri mögulegt að setja veg ofar en það hjálpar kannski ekki
- Námusvæði þarf að vera á hreinu

- Á að vera almenn umferð? Ferðir t.d. að Kreppubrú?